

127/1 Fundur.

Föstudaginn 14. júní 2002, kom nýkjörin hreppsnefnd til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 14:07.

Áður en formlegur fundur hófst kvaddi Björn sveitarstjóri fráfarandi hreppsnefnd og ritara með blómum og góðum orðum.

Sigurður Ragnar setti fund og bauð menn velkonma, mættir voru auk hans og Björns, Siggeir Stefánsson, Sólveig Óladóttir og Rósa Daníelsdóttir. Rafn Jónsson boðaði forföll. Ritari endurráðinn, sem ritari hreppsnefndar.

Dagskrá:**1. Mál. Kjör oddvita og varaoddvita.**

Fór hún fram skriflega.

- Sigurður Ragnar kosinn oddviti með fimm atkvæðum. Sigurður þakkaði traustið.
- Siggeir kosinn varaoddviti með fimm atkvæðum. Siggeir þakkaði traustið.

2. Mál. Ráðning sveitarstjóra.

· Björn vék af fundi undir þessum lið.

Sigurður lagði fram eftirfarandi tillögu “ Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að fela oddvita að ganga frá ráðningu Björns Ingimarssonar sveitarstjóra á grundvelli fyrirbyggjandi draga að verksamningi. Tillagan samþykkt samhljóða. Björn kom á fundinn.

3.Mál. Nefndir, ráð og stjórnir á vegum og með þátttöku Þórshafnarhrepps.

· Sigurður oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: “ Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að vísa niðurröðun í nefndir, ráð og stjórnir til næsta hreppsnefndarfundar sem halda skal innan tíðar í framhaldi af vinnufundi hreppsnefndar um málið” Samþykkt samhljóða.

4. Mál. Frá sveitarstjóra:

Björn sveitarstjóri, sem nú er einnig fyrsti varamaður í hreppsnefnd, flutti skýrslu sína.

Rætt um skólamál. Eftirfarandi tillaga lögð fram. “Sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningu Estherar Ágústsdóttur sem skólastjóra næsta skólaár.” Tillagan samþ. samhljóða.

Dagskrá tæmd.

Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 14:40

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.